

Nr. 36.  
13.  
desbr.

## Lög

um

breytingu á 2. gr. laga nr. 13 frá 3. október 1884.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ef tekjur brauðs eru yfir 1200 kr. eptir gildandi brauðamati, þá skal greiða prestsekkju svo eptirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr. En sjeu tekjurnar 1200 kr. eða minni, þá fær ekkjan öll eptirlaun sín greidd úr lands-sjóði; svo og hvar þess, er prestsekkja fær eigi öll eptirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.

2. gr.

2. grein í lögum nr. 13 frá 3. október 1884 er úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 13. desember 1895.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

---

*J. Nellemann.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## Lov

Nr. 36.  
13de  
Decbr

om

Forandring i Lov Nr. 13 af 3dje Oktober 1884 § 2.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Hvis et Præstekalds Indtægter overstige 1,200 Kr. ifølge den gjældende Regulering af Præstekaldenes Indtægter, skal Pension til en Præsteente betales hende af Præstekaldets Indtægter, forsaavidt disse ikke derved blive mindre end 1,200 Kr. Men hvis Kaldets Indtægt er 1,200 Kr. eller derunder, skal hele Pensionen udredes af Landskassen. Ligeledes bliver i alle de Tilfælde, hvor Præsteenten ikke faar hele Pensionen betalt af Kaldet, det manglende at udrede af Landskassen.

### § 2.

§ 2 i Lov Nr. 13 af 3dje Oktober 1884 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 13de December 1895.

Ministeriet for Island, den 13de December 1895.

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*